

Fundur - 19. maí 2006

Fundur í skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps var haldinn í Maríutröð 5a föstudaginn 19. maí 2006 kl. 13:00

Mættir voru:

Þórður Jónsson

Gústaf Jökull Ólafsson

Sveinn Ragnarsson

Bogi Kristinsson Magnusen

Fundarefni:

1. Umsókn um byggingarleyfi fyrir endurgerð Bogabúðar í Flatey, í sinni nær upprunalegu mynd. Viðbygging samtals 73,9 m² og 158,9 m³ Fyrir liggja byggingarnefndarteikningar af fyrirhugaðri stækkun auk afgreiðslu húsafriðunarnefndar. Umsækjandi er Bryndís Þórðardóttir.

Byggingarnefnd vísar umsókninni í grenndarkynningu hjá nærliggjandi nágrönnum, þ.e. Bræðraminni og Berg.

Einnig er óskað eftir áliti slökkvistjóra vegna 75.gr. byggingarreglugerðar um fjarlægð frá lóðarmörkum og bil milli húsa.

2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir 44,3 m² sumarhús í landi Skálmarnessmúla. Fyrir liggja byggingarnefndarteikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum. Umsækjandi er Finnbogi Jónsson.

Umsóknin er samþykkt með fyrirvara um að lóðarleigusamningur liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

3. “Við undirrituð óskum eftir því að fá að byggja tveggja hæða hús í landi Grundar. Nánari staðsetning er beint niður af núverandi húsi, vestan af fjárhúsunum.” Fyrir liggja teikningar af íbúðarhúsinu.

Umsækjendur eru Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Guðmundur Ólafsson.

Byggingarnefnd vill að umsækjendur óski eftir áliti Veðurstofu Íslands vegna fyrirhugaðrar staðsetningar vegna heimilda um snjóflóð.

4. Umsókn um byggingarleyfi fyrir 19,3 m² sólskála við Maríutröð 5b. Um er að ræða viðbyggingu við suðvesturhlið hússins. Einnig er sótt um leyfi til að breyta útliti glugga á íbúðarhúsinu eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Fyrir liggja teikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum.

Umsækjandi er Aðalsteinn Valdimarsson.

Umsóknin er samþykkt. Byggingarnefndin gerir athugasemd við teikninguna, þ.e. að efri brún glugga á sólskála skal fylgja efri brún glugga á stofu íbúðarhússins og einnig skal þakhalli sólstofu vera sá sami.

5. Umsókn um niðurrif á vélageymslu, geymsluskúr og gamla íbúðarhúsinu á Bæ í Reykhólahreppi.

“Óska ég eftir leyfi til að brenna íbúðarhúsið og geymsluskúrinn nk. laugardag kl. 13:00”

Umsækjandi fyrir hönd Heimabæjar ehf er Þórður Jónsson.

Erindið samþykkt með niðurrif húsanna, en bent er á að leyfi slökkvistjóra þarf til að brenna húsin.

6. Umsókn um byggingarleyfi fyrir stálgrindarhúsi á Bæ í Reykhólahrepp samkvæmt teikningum frá verkfræðistofunni Höfn. Umsækjandi er f.h. Heimabæjar Þórður Jónsson.

Umsóknin er samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi byggingarnefndarteikningar og afstöðumynd liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

7. Farið yfir lögbylaskrá 31. desember 2005.
Lögbylaskráin yfirfarin. Gerðar nokkrar athugasemdir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:00

Þórður Jónsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

(Fundarritari var Bogi Kristinsson Magnusen)